



## Fundur í sveitarstjórn

**44. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Félagsheimilinu Þórsveri, Þórshöfn fimmtudaginn 17. mars 2016 og hófst kl 17:00.**

**Mætt voru:** Reynir Atli Jónsson, Hulda Kristín Baldursdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Halldór Rúnar Stefánsson, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð.

U-listinn lagði fram eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórnarfulltrúar U-listans í Langanesbyggð gera athugasemd við fundartíma þessa fundar. Við viljum taka það fram að sveitarstjóra og sveitarstjórn ber að vinna samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins í hvívetna. Með því að breyta tímasetningum á reglulegum fundum sveitarstjórnar núna er verið að brjóta gildandi samþykktir Langanesbyggðar. Okkar mat og lögfræðings ráðuneytisins er að breytingar á samþykktum sveitarfélagsins taka ekki gildi fyrr en þær hafa verið teknar fyrir í tvígang innan sveitarstjórnar, samþykktar af ráðuneytinu og komnar í auglýsingu í stjórnartíðindum.

Viljum við beina því til meirihlutans og sveitarstjóra að starfa framvegis samkvæmt lögum um rekstur og stjórnun sveitarfélaga.

U-Listinn hefur óskað formlega eftir álit ráðuneytis um þetta mál.

Oddviti tók 5 mínútna fundarhlé. Fundur settur aftur 17:07.

Oddviti óskaði eftir því að bæta lið á dagskrá *Endurnýjun rekstrarleyfis til veitingahúss- ósk um umsögn*. Liðurinn verði númer 10 og aðrir liðir færast aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

**1. Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 19. feb. 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**2. Fundargerð 382. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 24. feb. 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**3. Fundargerðir 835. og 836. funda stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

**4. Fundargerð 5. fundar fulltrúaráðs Eypings, dags. 28. jan. 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**5. Fundargerð 277. fundar stjórnar Eypings, dags. 17. feb. 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.



## LANGANESBYGGÐ

Stjórn Eypings hefur ákveðið að halda aðalfund 2016 dagana 30. september og 1. október í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

### **6. Fundargerð fundar stjórnar Eypings, SSA og þingmanna Norðausturkjördæmis, dags. 9. feb. 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### **7. Fundargerð 6. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, dags. 15. feb., 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### **8. Fundargerð 26. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 12. feb. 2016.**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

### **9. Fundargerð 1. fundar Menningar- og bókasafnsnefndar, dags. 8. mars 2016.**

*Liður 2 Hlutverk nefndarinnar*

Nefndin óskar eftir því að samþykktum nefndarinnar verði breytt þannig: „Að veita menningarverðlaun eftir nánari ákvörðun nefndarinnar ef tilefni verður.“

Sveitarstjórn Langanesbyggðar er sammála nefndinni og felur skrifstofu að breyta samþykktum.

Samþykkt samhljóða.

*Liður 3 Erindi frá EAJ og HS*

Hilma Steinarsdóttir lýsir sig vanhæfa til að fjalla um málið. Samþykkt samhljóða.

Hilma vísar aftur sæti.

Nefndin leggur til að leitað verði til Þekkingarnets Þingeyinga á grundvelli samstarfssamnings til að setja upp upplýsingaskilti við minnisvarða í Langanesbyggð.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar er sammála nefndinni og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

Hilma tekur aftur sæti.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

### **10. Endurnýjun rekstrarleyfis til veitingahúss – ósk um umsögn**

Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra óskar eftir umsögn sveitarstjórnar vegna endurnýjunar á rekstrarleyfi KNA-veitinga til þriggja ára.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur til að endurnýjunin verði samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

### **11. Innsent erindi kennara Grunnskólans á Þórshöfn – Loftgæði vinnustaðar.**

Sveitarstjóri lagði fram frumgreiningu og fór yfir málið.

Undanfarið hefur staðið yfir skoðun á loftgæðum innandyra í Grunnskóla Þórshafnar,



## LANGANESBYGGÐ

EFLA Verkfræðistofa var fengin til að skoða mál og meta. Gerð var rannsókn á því hvort sveppir væru í sýnum sem tekin voru. Á þessari stundu er ljóst að mengun er fyrir hendi í húsinu og er unnið að viðbragðsáætlun vegna þess. Einnig hefur verið ákveðið að fá Sylgu Dögg Sigurjónsdóttur sérfræðing til að funda með deildarstjórum, trúnaðarmanni starfsmanna og þeim er að úrbótum koma. Umræddur fundur verður mánudaginn 21. mars.

Sveitarstjórn lýsir yfir áhyggjum vegna málsins og leggur áherslu á að brugðist verði við svo fljótt sem kostur er.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og svara bréfiturum.

Samþykkt samhljóða.

### 12. Sláttutraktor – Áhaldahús Langanesbyggðar

Sveitarstjóri fór yfir þörfina á kaupum á nýjum sláttutraktor.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að vinna málið áfram og leggja málið fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

Samþykkt samhljóða.

### 13. Breytingar á nefndum

*Liður 1 Umhverfis- og skipulagsnefnd*

Oddur Skúlason er skipaður sem aðalmaður í nefndina.

Lagt er til að Jósteyinn Hermundarson verði formaður Umhverfis- og skipulagsnefndar.

4 samþykkir, Björn Guðmundur, Siggeir og Halldóra Jóhanna sitja hjá.

*Liður 2 Velferðarnefnd*

Lagt er til að Jón Gunnþórsson verði formaður Velferðarnefndar Langanesbyggðar.

4 samþykkir, Björn Guðmundur, Siggeir og Halldóra Jóhanna sitja hjá.

### 14. Nýbygging leikskóla

Sveitarstjóri fór yfir málið og lagði fram drög að teikningu. Undanfarnar vikur hefur verkefnisstjóri verið í samskiptum við stjórnendur skólastofnana, í viku 5 kom hann norður til að funda með heimaþólki. Dvaldi verkefnisstjórinn á Þórshöfn í tvo daga og fundaði með stjórnendum, skólaráðgjafa, fræðslunefndarþólki og kjörnum fulltrúum. Stjórnendur skóla hafa einnig fundað með starfsþólki sínu og hafa gagnlegar ábendingar komið frá þeim. Vert er að þakka starfsþólki skóla og leikskóla fyrir mjög gott innlegg í þá vinnu sem fram hefur farið. Afrakstur vinnunar er teikning sem sýnir tillögu að gólfplani og var send kjörnum fulltrúum í aðdraganda fundar. Næstu skref eru að vinna teikninguna í það horf að hún nýtist sem verkfyrirmæli til nánari hönnunar og útfærslu. Einnig hefur farið fram greining á viðhalds- og breytingaþörf í núverandi skólahúsnæði, niðurstaða þeirrar vinnu ætti að liggja fyrir fljótlega. Það verk er unnið með aðkomu EFLU verkfræðistofu.

### 15. Sértaekur byggðakvóti

Sveitarstjóri fór yfir málið. Samningur vinnslu- og útgerðaraðila við Byggðastofnun ásamt innbyrðis samstarfssamningi vinnslu- og útgerðaraðila eru á lokametrum og er



## LANGANESBYGGÐ

vonast til að þeir verði tilbúnir til undirritunar á næstu dögum. Mikil vinna hefur farið í að útfæra samningana þannig að markmið um stöðuga atvinnu náist. Unnin var í samráði við samningsaðila vinnsluáætlun hvar vinnsla og veiðar voru stillt saman. Miðað er við það markmið að vinnsla hjá báðum aðilum verði allt árið og að hún verði eftir föngum stöðug og jöfn.

### **Bókun sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til Byggðastofnunar að sértækur byggðakvóti næsta fiskveiðiárs verði aukinn og þannig verði styrkari stöðum skotið undir atvinnu- og mannlíf á Bakkafirði.

Sveitarstjóra falið að koma bókun sveitarstjórnar á framfæri við Byggðastofnun.

Samþykkt samhljóða.

### **16. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri fór yfir og kynnti það sem í gangi hefur verið.

Sveitarstjóri átti fund með aðilum úr sóknarnefnd varðandi ýmis þörf málefni. Fram kom vilji til að tengja saman starf tónlistarkennara og tónlistarlíf í kirkjunni. Sveitarstjóri upplýsti að horft væri til þess í ráðningu tónlistarkennara næsta haust að viðkomandi gæti tekið að sér tónlistartarf í kirkjunni.

Ráðinn hefur verið afleysingakennari við tónlistaskólann til vors.

Unnið hefur verið að gerð samnings milli Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps í tengslum við Finnaðarverkefnið.

Vinna við ársreikning 2015 er langt komin.

Ljóst er að vinna þarf í því að standsetja félagsheimilið Þórsver betur fyrir væntanlegan fund Eyþings.

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:56